

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um lögfræðiálit um lögmæti gengistryggðra lána.

1. *Hefur ráðuneytið aflað lögfræðiálits (eins eða fleiri, innan eða utan húss) um lögmæti gengistryggðra lána?*

Nei, ráðuneytið hefur ekki aflað lögfræðiálits, hvorki innan húss né utan, um lögmæti gengistryggðra lána.

2. *Ef svo er ekki, af hverju hefur ráðuneytið ekki aflað slíks álits?*

Þau málefni sem um ræðir eru á forræði efnahags- og viðskiptaráðherra. Á þingskjali nr. 733 er að finna svör efnahags- og viðskiptaráðherra við nánast samhljóða fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur. Þar kemur fram að þar sem þessi málefni eru nú til meðferðar hjá dómstólum telji efnahags- og viðskiptaráðuneytið ekki ástæðu til að afla álits af þessu tagi. Þau mál sem um ræðir eru enn til meðferðar hjá Hæstarétti.

3. *Ef svo er:*

- a. *hver er niðurstaða álitsins um lögmæti gengistryggðra lána og rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu og*
- b. *var tekið tillit til álitsins við uppgjör ríkisins og kröfuhafa föllnu bankanna um verðmæti lánasafna bankanna?*

Sem fyrr segir hefur ráðuneytið ekki aflað lögfræðiálits um lögmæti gengistryggðra lána.